

Nd.

376. L Ö G

um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Afgreidd frá Nd. 5. ágúst.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhóllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

Nú vill annaðhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.